

Garðabær
Garðatorgi 7
210 Garðabær

Bæjarskrifstofur Garðabæjar	
Mótt.dags.	28.09.2017
Málalýkill	0010.1
Mál nr.	1709363

Reykjavík, 25. september 2017

Efni: Ósk um styrk

Þess er hér með óskað eftir að Kvennaráðgjöfinni, kt. 470185-0499 Túngötu 14, Reykjavík, verði veittur styrkur til þess að veita áframhaldandi félags- og lögfræðiráðgjöf fyrir konur og karla.

Kvennaráðgjöfin hefur starfað frá byrjun árs 1984 og hafa lengst af starfað við ráðgjöfina í sjálfboðaliðavinnu um 20-25 félagsráðgjafar og lögfræðingar ásamt nemum á lokaárum í þeim greinum. Megintilgangur Kvennaráðgjafarinnar er að veita konum stuðning og ráðgjöf og er Kvennaráðgjöfin því opin öllum konum sem geta hvort sem er komið, hringt eða sent tölvupóst. Þjónustan er endurgjaldslaus og þurfa þeir sem til okkar sækja ekki að gefa upp nafn eða aðrar persónulegar upplýsingar.

Aðsókn að Kvennaráðgjöfinni hefur alla tíð verið mikil, enda leggjum við okkur fram við að gera hana eins aðgengilega öllum og mögulegt er, en ekki þarf að panta tíma heldur geta þeir sem þurfa mætt án tilkynningar. Til Kvennaráðgjafarinnar leita til okkar 200-250 konur árlega og eru það konur víðsvegar af landinu, bæði á höfuðborgarsvæðinu og utan þess, en konur utan af landi geta haft samband í gegnum tölvupóst eða síma ef þeim gefst ekki tækifæri á að mæta á staðinn. Undanfarið hefur það aukist að karlmenn leiti ráðgjafar til Kvennaráðgjafarinnar. Þrátt fyrir að ráðgjöfin sé ætluð konum líkt og nafnið gefur til kynna þá er engum vísað frá og tókum við á móti körlum með opnum örmum. Ráðgjöf til karlmanna hefur þ.a.l. verið verulegur þáttur starfseminnar.

Kvennaráðgjöfin er fyrst og fremst hugsuð sem aðstoð við þær konur sem standa höllum fæti og þarfnast ráðgjafar sem þær geta ekki greitt fyrir. Kvennaráðgjöfin tekur vegna þessa við mörgum tilvísunum frá Kvænnaathvarfinu, Stígamótum, prestum þjóðkirkjunnar og félagsþjónustum sveitafélaga. Kvennaráðgjöfin tekur þó almennt ekki þátt í opinberri félagsþjónustu sveitafélaga. Þá tekur Kvennaráðgjöfin almennt ekki þátt í opinberri umræðu um kvenréttindamál, en fulltrúar hennar hafa þó mætt á fundi í ráðuneytum til að miðla þekkingu og reynslu þeirri sem safnast hefur saman í Kvennaráðgjöfinni í áranna rás.

Kvennaráðgjöfin hefur tekið þátt í stofnun og opnun Bjarkarhlíðar. Bjarkarhlíð er miðstöð fyrir þolendur ofbeldis og veitir stuðning og ráðgjöf ásamt fræðslu og umfjöllun um eðli og afleiðingar ofbeldis. Þjónusta Bjarkarhlíðar er öll undir sama þaki sem auðveldar þolendum ofbeldis að leita hjálpar. Kvennaráðgjöfin hefur líkt og áður segir það að meginmarkmiði að veita þeim sem þess þurfa stuðning og ráðgjöf, og má sjá það í þátttöku ráðgjafarinnar í stofnun Bjarkarhlíðar. Sjálfboðaliðar frá Kvennaráðgjöfinni annast lögfræðiráðgjöf í Bjarkarhlíð aðra hverja viku og hefur það aukið umfang starfsemi Kvennaráðgjafarinnar, allt frá ársbyrjun 2017.


**Kvenna
ráðgjöfin**

Kvennaráðgjöfin • Túngötu 14 • 101 Reykjavík • Sími 552 1500 • radgjof@kvennaradgjofin.is • www.kvennaradgjofin.is

Skjal sótt af '0000000000' dags: 25.03.2026

Vegna þessa er hér með óskað eftir því að Garðabær veiti Kvennaráðgjöfinni styrk að fjárhæð 200.000.

Virðingarfyllst,



F.h. Kvennaráðgjafarinnar,
Þorbjörg L. Jónsdóttir framkvæmdarstjóri

Meðfylgjandi:

Ársreikningur vegna ársins 2016

Kvennaráðgjöfin Ársreikningur 2016

Tekjur

Styrkur, Velferðarráðuneyti	kr.	2.500.000
Styrkir, sveitafélag	kr.	850.000
Vaxtatekjur	kr.	0
Alls kr.		3.350.000

Gjöld

Ráðgjafarlaun	kr.	372.000
Umsjónarlaun og ráðgjöf	kr.	2.040.000
Simakostnaður	kr.	56.608
Leiga	kr.	180.000
Bankakostnaður	kr.	1.800
Kostnaður vegna Evrópuverkefna	kr.	450.000
Netkostnaður, heimasíða	kr.	6.239
Ýmislegt, prentun, póstur o.fl.	kr.	54.136
Alls kr.		3.160.783

Afkoma ársins **189.217**

Staðfest 2. febrúar 2017


Margrét Steinarsdóttir